

Slóvakía	99	121	131	135	176	178	188	190	1.218
Dýralækningar	11	18	18	15	21	21	28	23	55
Læknisfræði	88	103	113	120	155	157	160	167	1.063
Spánn	4	5	6	6	6	3	5	10	45
Dýralækningar	4	5	6	6	5	2	5	6	39
Tannlækningar					1	1	0	4	6
Svíþjóð	1	1	0	0	1	0	1	1	5
Líflæknisfræði	1	1	0	0	1	0	1	1	5
Tékkland		1	0	0			1	1	3
Læknisfræði		1	0	0			1	1	3
Ungverjaland	80	64	53	42	35	29	27	21	351
Dýralækningar	4	3	2	2	4	4	4	3	26
Læknisfræði	71	57	46	35	28	21	17	10	285
Tannlækningar	5	4	5	5	3	4	6	8	40
Þýskaland				1	2	2	2	1	8
Dýralækningar				1	1	2	2	1	7
Læknisfræði					1	0	0	0	1
Heildarfjöldi	223	232	231	234	273	270	280	270	2.013

2. *Hver eru skólagjöld þeirra á ári að meðaltali annars vegar og miðgildi hins vegar? Svar óskast sundurliðað eftir námslöndum.*

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti býr ekki yfir upplýsingum um fjárhæð skólagjalda íslenskra læknanema í grunnnámi við erlenda háskóla. Að beiðni ráðuneytisins hefur Menntasjóður námsmanna tekið saman upplýsingar um meðaltal veittra skólagjaldalána íslenska læknanema við erlenda háskóla.

Meðaltal skólagjaldalána á einstakling									
	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Meðaltal
Bandaríkin	2.632.427	3.423.447	2.148.662	2.430.461	2.961.050				2.666.150
Læknisfræði	1.800.575	1.396.619	1.541.858	1.804.322					1.635.844
Tannlækningar	3.464.279	5.450.274	2.755.465	2.743.530	2.961.050				3.353.021
Danmörk	1.041.308	874.944	1.026.859	1.119.532	1.276.012	1.325.457	1.623.819	1.774.613	1.294.315
Dýralækningar	1.262.690	1.226.792	1.357.175	1.526.457	1.596.845	1.582.342	1.709.129	1.894.957	1.463.952
Læknisfræði	950.150	797.629	910.277	1.079.064	1.241.538	1.287.680	1.617.084	1.760.171	1.273.310
Tannlækningar		78.223		950.918	671.599				566.913
England			1.815.139	2.355.045	618.500				1.596.228
Læknisfræði			1.815.139	2.355.045	618.500				1.596.228
Ítalía		1.700.805	2.119.724	2.506.486		2.966.318	4.250.360	4.622.283	2.916.508
Læknisfræði		1.700.805	2.119.724	2.506.486		2.966.318	4.250.360	4.622.283	2.916.508
Króatía	1.627.270								1.627.270
Læknisfræði	1.627.270								1.627.270
Kýpur	2.469.322	2.660.030	2.378.014	2.606.236	3.467.782	2.941.003	3.559.892	3.524.988	3.102.395
Læknisfræði	2.469.322	2.660.030	2.378.014	2.606.236	3.416.607	2.914.456	3.263.704	3.168.456	2.928.905
Tannlækningar					3.774.833	3.020.644	4.152.267	3.881.521	3.738.526

Litáen								4.227.680	4.227.680
Tann- lækningar								4.227.680	4.227.680
Noregur	971.192	1.022.160	1.358.905	1.463.009	1.113.849	1.677.086	1.325.348	1.848.392	1.285.032
Dýra- lækningar	919.234	1.022.160	1.358.905	1.463.009	1.025.663	1.677.086	1.325.348	1.848.392	1.280.309
Liflæknis- fræði	1.282.943								1.282.943
Læknisfræði					1.466.595				1.466.595
Pólland	1.715.889	1.800.592	1.659.512	2.286.887	3.108.792	2.626.473	2.006.689	2.014.185	2.190.668
Dýra- lækningar					2.774.355	1.696.400	1.365.249	2.287.144	2.082.058
Læknisfræði	1.715.889	1.800.592	1.659.512	2.286.887	3.220.271	2.936.497	2.327.410	1.468.266	2.214.279
Skotland							2.244.309	2.439.500	2.341.905
Læknisfræði							2.244.309	2.439.500	2.341.905
Slóvakía	1.805.920	1.745.562	1.908.349	2.151.091	2.799.602	2.731.581	2.944.686	3.125.560	2.509.687
Dýra- lækningar	1.580.422	1.667.450	1.882.357	2.047.030	2.624.862	2.649.248	2.430.617	2.743.871	2.283.285
Læknisfræði	1.834.108	1.759.213	1.912.489	2.164.099	2.823.276	2.742.594	3.034.648	3.178.128	2.542.700
Spánn	2.163.999	2.496.302	2.660.445	2.349.402	1.826.221	2.937.545	3.137.563	3.555.340	2.715.728
Dýra- lækningar	2.163.999	2.496.302	2.660.445	2.349.402	1.497.285	2.498.187	3.137.563	3.901.920	2.635.352
Tann- lækningar					3.470.899	3.816.260		3.035.470	3.238.173
Svíþjóð	1.044.412	932.485			1.750.500		2.002.580	2.189.980	1.583.991
Liflæknis- fræði	1.044.412	932.485			1.750.500		2.002.580	2.189.980	1.583.991
Tékkland		1.583.363					3.073.765	4.348.725	3.001.951
Læknisfræði		1.583.363					3.073.765	4.348.725	3.001.951
Ungverja- land	1.665.174	1.709.125	1.908.184	2.145.500	2.553.569	2.725.142	2.693.770	3.135.272	2.110.596
Dýra- lækningar	2.189.445	1.881.054	2.484.780	1.899.219	2.509.303	2.775.696	2.692.033	2.147.038	2.366.084
Læknisfræði	1.577.700	1.625.049	1.876.244	2.151.316	2.509.895	2.756.267	2.432.736	3.126.351	1.989.567
Tann- lækningar	2.487.878	2.778.273	1.971.394	2.203.297	3.020.218	2.511.178	3.434.526	3.517.012	2.806.864
Þýskaland				745.672	1.373.673	1.153.707	1.421.806	643.025	1.160.884
Dýra- lækningar				745.672	1.755.500	1.153.707	1.421.806	643.025	1.185.032
Læknisfræði					991.845				991.845
Heildar- summa	1.657.518	1.658.269	1.835.517	2.026.636	2.520.435	2.505.242	2.698.902	2.991.929	2.275.504

3. *Hvert er viðhorf ráðherra til þess að læknanemar sem stunda grunnnám í læknisfræði við erlenda háskóla fái hluta af námslánum sínum felldan niður gegn því að þeir skuldbindi sig til þess að starfa í íslensku heilbrigðiskerfi?*

Viðhorf ráðherra er að beiting slíkra úrræða þarf standast lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins og jafnræðisreglu Stjórnarskrárinnar. Lagabreytingu þyrfti til að koma slíku úrræði til framkvæmda og það stæðist vart jafnræðisreglu Stjórnarskrárinnar að veita einni námsgrein slíkan forgang í lögum. Þá þarf að fjármagna slík úrræði sérstaklega með auknum fjárheim-

ildum til handa Menntasjóði námsmanna í fjárlögum. Veitt skólagjaldalán frá Menntasjóði námsmanna vegna grunnnáms í lækisfræði og tengdum greinum við erlenda háskóla yfir tímabilið 2016–2023 námu í árslok 2023 tæpum tveimur milljörðum króna, sem þyrfti þá að taka tillit til í fjármögnun slíks úrræðis.

Úrræði líkt og því sem hér er spurt um er þegar í 27. gr. laga um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020. Þar er kveðið á um heimild til að ákveða sérstaka tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána vegna tiltekinna námsgreina. Skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins er að upplýsingar liggi fyrir um viðvarandi skort í starfsstétt eða að skortur sé fyrirsjáanlegur, og að fyrir liggi skýrsla unnin af stjórnvöldum í samráði við hlutaðeigandi atvinnurekendur um mikilvægi þess að bregðast við slíkum aðstæðum. Þá þarf að tryggja að ívilnun leiði til þess að þeir sem ljúki námi í námsgreininni nýti menntun sína til starfa í starfsstétt þar sem skilgreind mannaflspörf liggur fyrir og að fjármagn sé aukið til Menntasjóðs námsmanna til að standa undir ívilnuninni. Enn sem komið er hefur ráðherra ekki borist erindi um heimild til nýtingar á ívilnun skv. 27. gr. laga um Menntasjóð námsmanna. Til skoðunar er að nýta þá heimild sem kemur fram í 28. gr. laga um Menntasjóð námsmanna um sérstakar ívilnanir vegna námsgreina á sérstökum svæðum. Byggðastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga, í samráði við ráðuneytið vinna nú skýrslu með greiningu á mönnunarþörf heilbrigðisstétta eftir landshlutum og tillögur um beitingu ívilnana á þeim grundvelli.

4. Hvaða reglur gilda um inntöku læknanema í starfsnám hjá íslenskum heilbrigðisstofnunum (sérnámsgrunnsár)? Eru nemendur við erlenda háskóla jafnsettir þeim sem hafa stundað grunnnám á Íslandi?

Þessi spurning varðar atriði sem fjallað er um í lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum. Samkvæmt o-lið 3. tölul. 6. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 5/2025, heyrir þessi hluti fyrirspurnarinnar undir heilbrigðisráðherra.